



Alþýðusamband Íslands

Þingskjal nr. 53

Reykjavík 28. október 2016

Ályktun 42. þings ASÍ um kjaradeilu sjómanna og vélstjóra

42. þing ASÍ beinir því til miðstjórnar ASÍ að lýsa yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu sjómanna og vélstjóra við samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Útgerðarmenn hafa árum saman neitað að ganga til kjarasamninga við sjómenn og vélstjóra og sett fram óbilgjarnar kröfur um að launafólk greiði verulegan hluta af eðlilegri greiðslu fyrirtækjanna fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þingið skorar á samtök atvinnurekenda að ganga nú þegar til kjarasamninga og falla frá þessum ósanngjörnu kröfum.